# REGLUGERÐ

**um breytingu á skipulagsreglugerð nr. 90/2013.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Heimilt er við breytingu á aðalskipulagi, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga, að fylgja ákvæðum eldri skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 hvað varðar kröfur um framsetningu skipulagsuppdráttar um tákn, línur og liti ef kröfur reglugerðarinnar eru ekki í samræmi við þau tákn, línur og liti sem fyrir eru í gildandi aðalskipulagi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. júní 2013.*

F. h. r.
**Stefán Thors.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 25. júní 2013